

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 97/97  
frá 28. nóvember 1997**

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/97 frá 30. apríl 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilskipun 96/82/EB ógildir, með gildistöku frá þeim degi þegar 24 mánuðir hafa liðið frá því hún öðlaðist gildi, tilskipun ráðsins 82/501/EBE frá 24. júní 1982 um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna iðnaðarstarfsemi<sup>(3)</sup> sem er hluti af samningnum og skal felld brott úr honum með gildistöku frá sama degi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 23. lið (tilskipun ráðsins 82/501/EBE) í XX. viðauka við samninginn:

„23a. **396 L 0082**: Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna (Stjtið. EB nr. L 10, 14. 1. 1997, bls. 13).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 242, 4. 9. 1997, bls. 77 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 37, 4. 9. 1997, bls. 116.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 10, 14. 1. 1997, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 230, 5. 8. 1982, bls. 1.

2. gr.

Texti 23. liðar (tilskipun ráðsins 82/501/EBE) fellur niður með gildistöku frá 3. febrúar 1999.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/82/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. nóvember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

E. Bull

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner